


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 1 af 4		
Nútímabókmenntir (ÍSLE3BL05) Námsáætlun haustannar 2019		

Kennari	Snorri Björnsson	Sk.st.	SNO
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um íslenskar bókmenntir og bókmenntasögu frá því um 1900 til 21. aldar og tengsl þeirra við samtíma sinn héraðs sem erlendis. Stuttlega er farið yfir bókmenntir fyrri alda, en megináherslan verður lögð á bókmenntir og bókmenntasögu 20. og 21. aldar, nýja strauma og stefnur og ólíkar birtingarmyndir bókmenntanna. Unnin verða ýmis konar valverkefni þar sem lögð verður rík áhersla á fjölbreyttar vinnuaðferðir, sjálfstæð vinnubrögð, skilvirka þekkingarleit, kunnáttu í meðferð og frágangi heimilda og skapandi hugsun og frumkvæði við úrvinnslu og skilaform verkefna.


Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- íslenskri bókmenntasögu frá 1900 til samtímans
- helstu stefnum í íslenskri bókmenntasögu frá um 1900 til samtímans
- tengslum íslenskra bókmennta við aðra menningarheima og listform
- tengslum íslenskra bókmennta við evrópska menningu, bókmenntir og bókmenntastefnur
- helstu skáldverkum tímabilsins og höfundum þeirra
- notkun heimilda og hjálpargagna í tengslum við verkefnavinnu
- frágangi og skráningu heimilda
- grundvallarreglum við byggingu og uppsetningu ritsmíða
- grunnhugtökum í bókmenntafræði og beitingu þeirra

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa bókmenntatexta frá um 1900 til 21. aldar
- greina bókmenntatexta frá ýmsum tímum og fjalla um inntak þeirra

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambykkt: SHJ		
Síða 2 af 4	Nútímabókmenntir (ÍSLE3BL05) Námsáætlun haustannar 2019	

skilja lykilhugtök og mismunandi sjónarmið

draga saman og nota á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra

rita heimildaritgerð þar sem beitt er gagnrýnni hugsun við úrvinnslu

tjá rökstudda afstöðu um bókmenntir, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að vel rökstuddri niðurstöðu

ganga frá heimildaverkefnum og – ritgerðum með viðurkenndum hætti

flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

skilja, greina og tengja saman bókmenntatexta frá ólíkum tímum
skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta

taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu

greina aðalatriði, beita gagnrýnni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta

átta sig á samfélagslegum skírskotunum, duldem boðskap og hugmyndum

flytja kynningar á verkefnum af öryggi

beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti

vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið og sýna frumkvæði í verkefnavali og úrvinnslu

Námsgögn:

Öldin öfgafulla e. Dagnýju Kristjánsdóttur. (Útgefandi: Bjartur, 2010 eða síðar).

Sjálfstætt fólk e. Halldór Laxness. (Ekki skiptir máli hvaða útgáfu notast er við).


Ungfrú Ísland e. Auði Övu Ólafsdóttur. Útgefandi: Benedikt, 2018

Ýmis ljóð og textar valdir af kennara sem verða aðgengilegir inni á Moodle.

Nemendur þurfa einnig að hafa aðgang að *Handbók um ritun og frágang* eftir

Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal. 10. útgáfa frá 2010 eða síðar. Útgefandi

Mál og menning (Forlagið).

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Nútímabókmenntir (ÍSLE3BL05) Námsáætlun haustannar 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4		

Áætlun um yfirferð:

1. lota (7 vikur) 18. ágúst - 5. október


Almenn kynning á áfanganum, hugleiðingar um bókmenntalíf og ólíkar birtingarmyndir þeirra. Hafinn verður lestur á *Öldinni öfgafullu* - bókmenntasögu tuttugustu aldar, með áherslu á fyrri hluta aldarinnar. Rifjuð verða upp helstu atriði bókmenntagreiningar, ritgerðaskrifa og heimildavinnu. Skáldsagan *Sjálfstætt fólk* e. Halldór Laxness verður lesin og rædd. Nemendur skrifa ritgerð um bókina. Nemendur taka einnig próf á Moodle, bæði úr bókmenntasögunni og úr *Sjálfstæðu fólki*, sjá námsmat og vægi námsþátta.

2. lota (5 vikur) 6. október - 9. nóvember (vetrarfrí kemur inn í þessa lotu)

Áfram verður haldið með lestur á *Öldinni öfgafullu*, nú með áherslu á seinni hluta tuttugustu aldar. Hafinn verður lestur á *Ungfrú Ísland* e. Auði Övu Ólafsdóttur, auk ljóða og smásagna. Nemendur taka próf á Moodle, bæði úr bókmenntasögunni og úr *Ungfrú Íslandi*, sjá námsmat og vægi námsþátta. Áhersla verður á samræður um bókmenntir.


3. lota (4 vikur) 10. nóvember - 7. desember


Í þessari lotu verður lögð áhersla á bókmenntir síðustu tveggja áratuga. Lokið verður við lestur á *Öldinni öfgafullu*, en auk þess verður sérstök áhersla á nýlegar smásögur. Nemendur velja sér efni úr bókmenntum síðustu ára og kynna fyrir hópnum. Áfram verður lögð áhersla á samræður um bókmenntir. Undirbúningur fyrir lokapróf.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4	Nútímabókmenntir (ÍSLE3BL05) Námsáætlun haustannar 2019	

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Samræður Öll önnin	Samræður um leefni annarinnar. Þátttaka í þessum tímum verður metin til einkunnar.		20%
Ritgerð	Ritgerð úr <i>Sjálfstæðu fólki</i> .		10%
Próf á Moodle	Próf úr <i>Öldinni öfgafullu</i> .		10%
	Próf úr <i>Sjálfstæðu fólki</i> og <i>Ungfrú Ísland</i> .		10%
Kynning	Nemendur kynna valið efni úr bókmenntum síðustu 20 ára.		10%
Lokapróf	a) <i>Öldin öfgafulla</i>		40%
	b) Leefni frá kennara, aðgengilegt á Moodle		
	c) <i>Ungfrú Ísland</i>		
Samtals:			100%
<p>Annað: Nemendur segja sig frá lokaprófi í áfanganum ef þeir skila ekki ritgerð. Athugið að ef kynningarverkefni er ekki flutt fyrir allan bekkinn, heldur aðeins kennararann, lækkar einkunn nemanda. Athugið að í áfanganum er gert ráð fyrir töluverðri heimavinnu, bæði lestri og verkefnavinnu, enda er reiknað með að um 40% vinnu áfangans fari fram utan kennslustunda.</p> <p>Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum, nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.</p> <p>Lágmarkseinkunn á lokaprófi verður að vera 4,0 til þess að verkefni og próf á önninni fáið metin. Til þess að standast námsmat áfangans þarf nemandi að standast a.m.k. 45% námsmarkmiða á önninni. Sjá einnig reglur Íslenskudeildar VMA um verkefnaskil inni á Moodle.</p> <p>Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.</p>			

Dagsetning: 16.08 2019

 Undirritun kennara


 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils